

Ed. 261. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra á Dalvík.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Þegar skipting Svarfaðardalshrepps hefur farið fram, skipar ríkisstjórnin, að fengnum tillögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastarf í Dalvíkurhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógeta-vald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri fær laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Hafi hann á hendi oddvitastörf samkv. 2. gr., fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði eftir sömu reglum og aðrir hreppsnefndaroddvitar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar með reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1946.

Greinargerð.

Ákveðið er að skipta Svarfaðardalshreppi frá næstu áramótum, þannig að Dalvík með næsta nágrenni verður sérstakur hreppur. Óskar hreppsnefndin eftir, að jafnframt verði skipaður lögreglustjóri á Dalvík, og gerir hreppsnefndaroddvitinn grein fyrir þeim tilmælum á þessa leið:

„Árið 1941 var, samkvæmt beiðni hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps, flutt á Alþingi frumvarp til laga um lögreglustjóra á Dalvík. Frumvarpið náði þá ekki sam-

þykkt Alþingis og hefur ekki verið tekið upp aftur fyrir en nú, og er það sérstaklega í því tilefni, að Dalvíkurþorp mun verða frá ársbyrjun 1946 sérstakt sveitarfélag, þar sem ákveðið er, að skipting Svarfaðardalshrepps fari fram um næstkomandi áramót.

Dalvíkurþorp er í hröðum vexti, bæði hvað fólksfjölda snertir og atvinnuskilyrði. Má í því sambandi benda á hafnargerðina. Fólksfjöldi í hinum nýja væntanlega Dalvíkurhreppi mun verða ca. 750 manns um næstkomandi áramót.

Hvert vaxandi þorp mun hafa kynnt þeim erfiðleikum, sem því eru samfara, að forráðamenn þeirra eru venjulegast störfum hlaðnir fyrir og stunda sína eigin atvinnu, og sérstaklega er oddviti oft neyddur til að taka að sér framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. En framkvæmdastjórn vaxandi sjávarþorpa krefst nú orðið fullkomlega óskiptrar starfsgetu eins manns. Á hinn bóginn er starfið það fallvalt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, þar sem það er háð stefnu fólks í kosningum, að fáir munu vilja afsala sér atvinnu til að taka að sér oddvitastarf hreppsnefnda. Afleiðing af þessum erfiðleikum verður einnig sú, að í stað einnar skrifstofu, þar sem öll mál varðandi sveitarfélagið eiga að fara í gegn, eru hin ýmsu mál falin hinum og þessum mönnum til starfrækslu, svo sem vatnsveita, holræsi og annað, sem undir starfsemi hreppsnefndaroddvita heyra, og verða þannig þýðingarmestu störf sveitarheildarinnar hjáverk ýmsra manna og háð þeim hættem, sem því fyrirkomulagi eru jafnan samfara.

Vart mundu þau þorp, er nú hafa lögreglustjóra, samþykkja að leggja það embætti niður og taka upp fyrra fyrirkomulag, og ætti því reynslan að vera næg rök í þessu efni. Þá má enn benda á það, að í samskiptum bæja og sveitarfélaga er mjög mikill aðstöðumunur, þar sem bæjarfélögin hafa löglærðum starfsmönnum á að skipa, en forráðamenn sveitarfélaganna yfirleitt fákunnandi í þeim efnum. Eru þá ekki teknir með erfiðleikar einstaklinga og fyrirtækja að þurfa að sækja lögfræðilega aðstoð í önnur héruð.

Vonandi þarf því ekki annað en einfaldan samanburð og þá reynslu, sem fengizt hefur í sambandi við stofnun lögreglustjóraembætta í þorpum, til að hæstvirt Alþingi geti fallizt á samþykkt frumvarps þess, sem hér er farið fram á.“